

FERÐ1AF05

Búið til: Fri, 03 Mar 2023 11:01:11 GMT

Titill

Alþjóðleg ferðamálafræði

Skammstöfun

FERÐ1AF05

Útgáfunúmer

1

Námsgrein

ferðamálafræði

Viðfangsefni

Alþjóðleg ferðamálafræði

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í áfanganum er farið yfir sögu ferðapjónustunnar á alheimsvísu (ásamt Íslandi), þróun hennar og landafræði tengda henni. Helstu áfangastaðir í ferðapjónustu um allan heim kynntir og hvað gerir þá að aðráttarafl. Skoðaðir eru mismunandi hópar ferðamanna og hvað fær þá til að ferðast. Áhersla er lögð á að nemendur hljóta aukna þekkingu á helstu upplýsingamiðlum um áfangastaði og skipulagningu ferða um allan heim.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- sögu ferðapjónustunnar
- ólíkum markhópum ferðamanna
- ferli skipulagningar og undirbúnings ferða út í heim
- neti samgangna um heiminn og möguleika til ferðalaga

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skipuleggja ferðir víða um heim
- nýta sér ýmsa miðla til upplýsingaöflunar
- nota ýmsa upplýsingamiðla og bókunarkerfi við skipulagningu ferða

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- leita upplýsinga um helstu ferðamannastaði í heiminum
- nota alþjóðleg landakort og áreiðanlega miðla til að afla upplýsinga um einstaka staði/lönd
- skipuleggja ferðir fyrir ákveðna hópa eða einstaklinga þar sem tekið er tillit til einkenna ferðamannastaða, framboðs afþreyingar, þjónustu, vegalengda og ferðamöguleika

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega og skili öllum verkefnum.

Skólar

Fyrirmynd